



## Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2021

Reykjavíkurborg mælir reglulega viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Niðurstöðurnar eru nýttar til að bæta árangur í mannauðsmálum og til að gera Reykjavíkurborg að enn betri vinnustað. Könnunin var lögð fyrir starfsfólk Háteigsskóla dagana 1. mars til 25. mars 2021. Svarhlutfall Háteigsskóla var 80,6% og fjöldi svarenda voru 50. Svarhlutfall starfsmanna á skóla og frístundasviði var 59%.

Fyrir hvern þátt er reiknuð þáttaeinkunn á bilinu 1 til 5 og er hærri einkunn alltaf jákvæðari niðurstaða. Græni liturinn táknar gildi sem eru 4 eða hærri sá guli gildi sem eru á milli 3 - 4. Heildareinkunn, sem er meðaltal allra þátta, er 4,39 sem er hærri en á síðasta ári, en þá var hún 4,22. Þættirnir 18 mynda fjóra lykilárangursþætti og má sjá niðurstöður þeirra hér að neðan.

Árangursríkir stjórnunarhættir

4,31<sup>4,17</sup>  
Könnun 2020

Hæfir og áhugasamir starfsmenn

4,49<sup>4,32</sup>  
Könnun 2020

Hvetjandi og jákvætt starfsumhv...

4,37<sup>4,19</sup>  
Könnun 2020

Starfsánægja

4,60<sup>4,47</sup>  
Könnun 2020



Lykilárangursþættirnir innihalda eftirtalda þætti:

**Hæfir og áhugasamir starfsmenn:** Metnaður, starfsmannastöðugleiki og tilgangur.

**Árangursríkir stjórnunarhættir:** Frumkvæði, fræðsla og þjálfun, stjórnun og viðurkenning.


**Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi:** Hæfilegt vinnuálag, ímynd, jafnrétti og jafnræði, markmið og árangur, móttaka nýliða, starfsandi, starfsöryggi, sveigjanleiki í starfi, upplýsingaflæði og vinnuaðstaða.

**Starfsánægja** er undirþáttur sem samanstendur af tveimur spurningum: *Mér líður vel í vinnunni og á heildina litið er ég ánægður í starfi.*

Meðaltal þátta 2021. Punktarnir sýna meðaltal grunnskóla Reykjavíkurborgar.

### Meðalskor spurninga í völdum þáttum

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna meðalskor samanburðarhóps





Á myndinni hér að neðan sjást meðaltöl þáttanna 18 í röð frá þeim hæsta til þess lægsta fyrir Háteigsskóla í heild. Tveir hæstu þættirnir eru *tilgangur* (4,69) og *ímynd* (4,67) en þeir voru einnig hæstir árið 2020. Tveir lægstu þættirnir eru *hæfilegt vinnuálag* (3,87) og *fræðsla og þjálfun* (4,06) sem einnig voru lægstir 2020. Hækkun var á öllum þáttum frá fyrra ári. Mesta hækkunin var á þáttunum *starfsandi* og *frumkvæði og starfsöryggi*.

Spurningar sem liggja að baki þáttanna sem hafa hækkað mest eru:

**Starfsandi:** Samvinna er góð á mínum starfsstað, starfsfólk á mínum starfsstað miðlar þekkingu sín á milli, það er góður starfsandi á mínum starfsstað.

**Frumkvæði:** Á mínum starfsstað er fólk hvatt til að sýna frumkvæði, ég hef frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi mínu.

Meðaltal þátta 2021. Punktarnir sýna meðaltal grunnskóla Reykjavíkurborgar.

#### Meðalskor þátta

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna meðalskor samanburðarhóps

